



Nefndarsvið Alþingis
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Öldu, félags um sjálfbærni og lýðræði,
um mál nr. 40, lagt fram á 148. löggjafarþingi -- kosningaaldur

Reykjavík, 22. janúar 2018

Stjórn Öldu, félags um sjálfbærni og lýðræði, tekur heilshugar undir það frumvarp til laga sem hér er sett fram.

Mat stjórnarinnar er það, að það sé sjálfsagður réttur allra að hafa rödd og vægi í lýðræðislegri umræðu og ákværðanatöku. Félagið telur að kröfur um þekkingu og færni til að kjósa eigi að vera lágmarkskröfur en ekki ítarlegar. Í því jási má þykja víst að 16 ára einstaklingar uppfylli að jafnaði slíkar lágmarkskröfur. Ítarlegri kröfur, s.s. eins og að miða við þekkingu miðgildis- eða meðaltalskjósanda við 18 ára aldur eru að mati félagsins fráleitar. Tiltekin þekking og færni getur ekki verið grundvöllur kosningaréttar, enda mannréttindi. Því ber að fara mjög varlega í takmörkun á þeim rétti. Núverandi takmarkanir eru alltof íþyngjandi og því styður félagið þá tillögu að lækka kosningaaldur í 16 ár.

Virðingarfyllyst,
f.h. stjórnar Öldu

Guðmundur D. Haraldsson,
stjórnarmaður